

**Nd.**

## **57. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um undanþágu frá ákvæðum 1. gr. í siglingalögum frá 22. nóv. 1913.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að naumast muni vera því neitt til fyrirstöðu, að skip h/f Eimskipafjelags Íslands muni verða tekin á skipaskrá samkvæmt lögum um skrásetningu skipa frá 13. des. 1895, bæði hjer og í Danmörku, og að þeim verði, þrátt fyrir undanþáguna sem farið er fram á í frv., heimilt að nota danskan kaupfána. Það er að visu svo, að skip Eimskipafjelagsins mundu eigi fullnægja bókstaflega ákvæðum 1. gr. dönsku siglingalaganna frá 1. apríl 1892, sbr. 1. gr. 2. málsg. dönsku skipaskrásetningarlaganna dags. s. d., um skilyrði til þess að mega sigla undir dönskum kaupfána. En það er bæði, að nefndin verður að telja löggjafarvaldi Íslands (Alþingi og konungi) skýlausan rjett til þess að setja íslenskum skipum þau skilyrði, sem í þessu efni skulu heimtuð, og svo það, að ákvæði 1. gr. siglingalaga vorra, er um nefnd skilyrði fjalla, eru í verulegu atriði ósamhljóða áðurnefndum ákvæðum dönsku laganna, þar sem vor lög setja hlutafjelögum vægari skilyrði en dönsku lögin. Og er þó eigi kunnugt, að þessi ósamhljóðun vorra laga við dönsku lögin hafi valdið nokkrum бага á nokkurn veg.

Það getur staðið Eimskipafjelaginu á nokkru fjárhagslega, að undanþága sú, er frv. fer fram á, fáist. En Eimskipafjelagið er velferðarmál allra landsmanna, og er þinginu því skylt að hlyna að því eftir föngum. Leyfir nefndin sjer því að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt.

---

Við 1. umræðu málsins í deildinni mæltist ráðherra til þess, að nefndin tæki jafnframt til íhugunar, hvort deildinni þætti ástæða til að krefjast þess, að sú breyting yrði gerð á lögum Eimskipafjelagsins, að atkvæðamagn landssjóðs á fjelagsfundum yrði aldrei minna en atkvæðamagn fulltrúa Vestur-Íslendinga.

Í 10. gr. laga fyrir h/f Eimskipafjelag Íslands, sjá fskj. II, er svo ákveðið að eitt atkvæði sje fyrir hverjar 25 kr., þó hafi enginn einn hluthafi fleiri atkv. en 500 fyrir sjálfan sig og aðra. Tvær undantekningar eru gerðar frá þessu:

1. Um umboðsmenn Vestur-Íslendinga, sbr. 3. málsg. greinarinnar, og

2. Um landssjóð er ákveðið, að ef þeir samningar verði að landssjóður gerist hluthafi í fjelaginu fyrir 400,000 krónur, megi semja svo um, að landssjóður skuli hafa 4000 atkvæði þegar í byrjun, en atkvæðamagnið aukist eftir því sem hlutafje fjelagsins ykist fram úr 1 miljón króna eftir hlutfallinu 1 : 5.

Eftir að lög fjelagsins höfðu verið samþykkt, gerði ráðherra svo samning við stjórn Eimskipafjelagsins um hlutakaup fyrir 400,000 kr. með atkvæðisrjetti samkvæmt 10. gr. fjelagslaganna, en í 5. gr. samningsins, fskj. III, er varnagli, sem ætlað er að halda opnum rjetti fyrir Alþingi til þess að krefjast þess, að landssjóður hafi aldrei minna atkvæðamagn á fundi en fulltrúi Vestur-Íslendinga, ef það kynni að óska þess.

Jafnframt fjeck ráðherra loforð umboðsmanns Vestur-Íslendinga, hr. J. J. Bildfells, um að beitast fyrir því meðal hluthafa í Vesturheimi, að fjelagslögum Eimskipafjelagsins verði breytt þannig, að enginn hluthafi eða umboðsmaður hluthafa geti á fundi farið með fleiri atkvæði en umboðsmaður landssjóðs.

Nefndinni er kunnugt um, að þessi varnagli var sleginn af ráðherra eingöngu vegna þess, að hann taldi efasamt, hvort í meðferð þessa máls á síðasta Alþingi fælist nógu skýr heimild fyrir stjórnina til þess að ganga inn á takmörkun þá á atkvæðisrjetti landssjóðs, sem hjer er um að ræða, ef svo færi, að einhver einstakur hluthafi gæti haft meira atkvæðamagn á fundi en landssjóður. Vildi hann því láta standa opnar dyr fyrir aukapingið að gera kröfu um frekari atkvæðisrjett fyrir landssjóðs hönd, ef það óskaði að gera þá kröfu.

Í fyrra nefndarálitu samgöngumálanefndar Nd. á þinginu 1913 (Alþt. 1913, A, þgskj. 368) segir svo: »Að öðru leyti álitu nefndirnar, að rjettast væri að gefa stjórninni sem frjálsastar hendur til að semja við fjelagið, bæði um fyrirkomulag strandferðanna, ferðaáætlun og taxa og á hvern hátt stjórnin ætti að beita atkvæði sínu fyrir hönd landssjóðs sem hluthafa í fjelaginu eða hafa hönd í bagga með stjórn þess«. Í síðara nefndarálitu sömu nefndar (Alþt. 1913, A, þgskj. 505) er því lýst, að það hafi verið »hugsun nefndanna, að 100,000 kr. af þessari upphæð skyldi vera hluttaka landssjóðs í fjelaginu alment tekið, til þess að styðja það til að kaupa millilandaskip og halda uppi millilandaferðum«. Í sameiginlegu álitu samgöngumálanefnda Nd. og Ed. (Alþt. 1913, A, þgskj. 835) taka nefndirnar það fram, að þær álitu, »að ekki beri að krefjast atkvæðisrjettar fyrir hönd landssjóðs eftir krónutali í hluttöku hans, sem gæti leitt til þess, að landsstjórnin yrði allsráðandi í fjelaginu, þar sem hún ein gæti neytt atkvæðisrjettar síns til fulls, en aðrir hluthafar ekki, með því þeir eru dreyfðir um land alt og gætu því fæstir sótt hluthafafundi«.

Þótt eigi komi beint fram í lögum þeim um strandferðir, er síðasta Alþingi samþykkti, að þingið vildi láta sjer nægja, að landssjóður fengi ekki fullan atkvæðisrjett í fjelaginu eftir krónutali hlutafjár síns, þá hefir það þó komið svo greinilega fram sem vilji þingsins, meðal annars í hinum tilvitnuðu umræðum samgöngumálanefnda síðasta þings — en þær báru fram frumvarp til laga um strandferðir — að varla getur verið vafi um vilja þingsins í því efni.

Nefndin er sammála samgöngumálanefndum síðasta þings um þetta atriði og finnur eigi ástæðu til þess, að þingið geri kröfu til frekari atkvæðisrjettar fyrir landssjóðs hönd en um ræðir í fjelagslögum Eimskipafjelagsins og það ekki, þótt fyrir gæti komið undir sjerstökum kringumstæðum, að fulltrúar Vestur-Íslendinga hefðu meira atkvæðamagn á fjelagstundi.

Nefndin sjer því eigi ástæðu til þess að ráða deildinni til þess að krefjast frekari atkvæðisrjettar fyrir landssjóð, sem hluthafa í h/f Eimskipafjelagi Íslands, en ákveðið er í núgildandi lögum fjelagsins.

Alþingi 8. júlí 1914.

Sveinn Björnsson,  
formaður.

Einar Arnórsson,  
skrifari.

M. J. Kristjánsson.      Þorleifur Jónsson.      Matth. Ólafsson.

## **Fylgiskjal I.**

### **I. gr. dönsku sjólaganna I. april 1892:**

For at et Skib kan sejle under dansk Flag, maa det enten mindst for  $\frac{2}{3}$  Dele ejes af Personer, som have Indfødsret og ikke ere blevne Statsborgere i fremmed Stat, eller som ere og i mindst 5 Aar have været bosiddende i den danske Stat, eller tilhøre Aktieselskab, hvis Bestyrelse har sit Sæde i den danske Stat og bestaar af Aktieejere, som fyldestgøre de nævnte Betingelser.

### **Registreringslov I. april 1892, I. gr. 2. kafi:**

For at et Skib skal kunne anses som hjemmehørende her i Riget og som Følge der af indføres i Kongerigets Skibsregister, maa dets Ejer eller Ejere fyldestgøre de i Sölovens § 1 krævede Betingelser for at lade Skibet sejle under dansk Flag.

### **I. gr. islensku siglingalaganna frá 22. nóv. 1913:**

Þau skip teljast islensk, sem heimili eiga á Íslandi og, að tveim þriðju hlutum minst, eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarstaðar. Nú er skip hluta-fjelags eign, og skal þá hver stjórnarnefndarmaður þess fullnægja skilyrðum þeim, er nú voru talin um heimilisfestu eða rjett innborinna manna, enda sje meiri hluti stjórnarinnar búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar.

## Fylgiskjal II.

### 10. gr. laga fyrir h/f Eimskipafjelag Islands:

Rjett til að sækja fundi fjelagsins hafa þeir einir, sem staðið hafa sem hluthafar á hluthafaskrá 10 daga næstu áður en fundurinn er haldinn. Hluthafar geta falið öðrum atkvæðisbærum hluthöfum að fara með atkvæði sín á fundum; þó geta þeir, sem sæti eiga í stjórn fjelagsins, eigi farið með umboð fyrir aðra. Nú veitir hluthafi umboð til þess að sækja fyrir sig fundi og telst umboðsmaðurinn þá hafa umboð til að sækja fyrir hönd hans einnig fundi fjelagsins framvegis, þangað til umbjóðandinn tilkynnir fjelagsstjórninni, að umboðið sje afturkallað. Hætti umboðsmaður að vera atkvæðisbær hluthafi, getur hann ekki farið með umboðið á fundum. Hluthafar, sem eiga rjett á að sækja og vilja sækja eða láta sækja fundi, skulu fyrir fundinn, á þeim tíma sem stjórnin auglýsir, sjálfir eða umboðsmenn þeirra með gildum umboðum, snúa sjer til skrifstofu fjelagsins í Reykjavík og fá þar aðgöngumiða til fundarins, undirritaðan af ritara fjelagsins, en á honum skal tilgreint nafn hluthafans eða umboðsmanns hans, ef um umboð er að ræða, og hversu mörg atkvæði hann hafi samkvæmt því á fundinum.

Eitt atkvæði er fyrir hverjar 25 krónur, sem hluthafi á í fjelaginu. Þó getur enginn hluthafi átt fleiri atkvæði en 500 alls fyrir sjálfan sig og aðra.

Ef hluthafar í Vesturheimi fela á fundi þeim í Winnipeg, er um ræðir í 17. grein, umboðsmanni eða umboðsmönnum búsettum í Vesturheimi að fara með atkvæði sín, og hlutaeign þeirra að meðtalinni hlutaeign umboðsmannsins eða umboðsmannanna sjálfra samsvarar alls meiru en 500 atkvæðum, skal atkvæðatala slíks umboðsmanns eða umboðsmanna þó eigi vera takmörkuð sem að framan greinir, heldur getur hún orðið jafnmikill hluti af samanlagðri tölu allra atkvæða umboðsmannsins fyrir sjálfan sig og aðra, eins og aðgöngumiðar hafa verið afhentir að fundinum fyrir miklum hluta af atkvæðisbæru hlutafje annara en Vestur-Íslendinga, þannig t. d., að ef aðgöngumiðar hafa verið afhentir fyrir  $\frac{3}{5}$  alls atkvæðisbærs hlutafjár annars en Vestur-Íslendinga, þá getur umboðsmaðurinn eða umboðsmennirnir neytt á fundinum  $\frac{3}{5}$  af þeim atkvæðum, sem hann eða þeir eiga eða þeim hafa verið falin. Af hlutafje landssjóðs telst svo mikið atkvæðisbært, sem nemur 25 krónum fyrir hvert atkvæði, sem landssjóður hefir.

Farið skal eftir skýrslu, er ritari fjelagsstjórnarinnar gefur um afhendingu aðgöngumiða.

Ef þeir samningar verða, að landssjóður gerist hluthafi í fjelaginu fyrir 400,000 krónur (sbr. 4. gr.) má semja svo um, að atkvæðisrjettur hans verði, sem hjer segir:

Á meðan hlutafje fjelagsins að meðtöldu hlutafje landssjóðs (kr. 400.000) fer eigi fram úr einni miljón króna, skal landssjóður hafa 4000 atkvæði. Þar eftir fær landssjóður enn fremur eitt atkvæði fyrir hverjar 125 krónur af hlutafje, sem við bætist, uns öll hlutafjrupphæð fjelagsins nemur svo miklu, að landssjóður hefir fengið eitt atkvæði fyrir hverjar 25 krónur af hlutafje sínu. Um þátttöku landssjóðs í kosningu stjórnar og endurskoðenda fer eftir ákvæðunum í 13. og 17. gr.

## Fylgiskjal III.

### Samningur

milli

landstjórnarinnar og Eimskipafjelags Íslands.

Ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs og h/f Eimskipafjelag Íslands gjöra hjermeð svofeldan bráðabirgðasamning:

#### 1. gr.

Samkvæmt þar til gefinni heimild í lögum nr. 53, 10. nóv. 1913, um strandferðir, og gegn þeirri skuldbindingu, sem fyrri málsgrein 2. gr. samnings þessa ræðir um, kaupir ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs hluti í h/f Eimskipafjelagi Íslands fyrir 400, 000 — fjögur hundruð þúsund — krónur. Af upphæð þessari skulu 100, 000 — eitt hundruð þúsund — krónur greiddar til fjelagsins 1. júní næstkomandi, en eftirstöðvarnar skulu greiddar fyrir 1. febrúar 1915, nema öðruvísi um semjist, sbr. 5. gr.

#### 2. gr.

H/f Eimskipafjelag Íslands tekst á hendur að halda uppi, frá því í apríl 1916, strandferðum umhverfis Ísland, með 2 eða fleiri strandferðaskipum, og sjeu ferðirnar eigi lakari að skipakosti nje óhentugri en strandferðir þær, er verið hafa að undanfögnu síðan 1911, gegn því að fjelaginu sje greiddur til ferða þessara sanngjarn styrkur úr landssjóði, og lætur fjelagið byggja í tæka tíð tvö hæfileg skip í þessu skyni.

Um stærð skipanna, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxa, og jafnframt um styrkinn úr landssjóði á hverjum tíma sem er, fer eftir síðari samningum milli landssjóðs og fjelagsins.

#### 3. gr.

Um atkvæðisrjett landssjóðs sem hluthafa, samkvæmt framanrituðu í h/f Eimskipafjelagi Íslands og hluttöku í stjórn fjelagsins, skal fara sem hjer segir:

Á meðan hlutafje fjelagsins að meðtöldu hlutafje landssjóðs (kr. 400,000) fer eigi fram úr einni miljón króna, skal landssjóður hafa 4000 — fjögur þúsund — atkvæði. Þar eftir fær landssjóður enn fremur eitt atkvæði fyrir hverjar 125 krónur af hlutafje, sem við bætist, uns öll hlutafjárupphæð fjelagsins nemur svo miklu, að landssjóður hefir fengið eitt atkvæði fyrir hverjar 25 kr. af hlutafje sínu.

Ráðherra skipar einn mann í stjórn fjelagsins til eins árs í senn, enda hefir landssjóður ekki að öðru leyti atkvæði um stjórnarkosningu. Ennfremur skipar ráðherra einn endurskoðanda fjelagsins til eins árs í senn.

4. gr.

Nú kemur það fyrir, fyr eða síðar, að fjelagið vilji eigi fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða af landssjóðs hálfu um fyrirkomulag strandferðanna, ferðaáætlanir og taxa, gegn þeim styrk, sem fjárveitingarvaldið sjer sjer fært að veita í því skyni, og á þá landssjóður rjett á því, að taka við strandferðaskipum fjelagsins til eignar fyrir það verð, sem þau hafa kostað fjelagið að frádragnum hæfilegum afslætti fyrir fyrningu, þannig að landssjóður tekur að sjer lán þau, sem kunna að hvíla á strandferðaskipunum, en þau mega samtals ekki nema hærri upphæð en 60% af upprunalegu verði skipanna að frádragnum  $\frac{1}{15}$  hluta hinnar upphaflegu lásupphæðar fyrir hvert ár, frá því er skipin voru full smíðuð, en eftirstöðvar kaupverðsins greiðir landssjóður með hlutabryfum í fjelaginu með nafnverði. Sjeu kaupverðseftirstöðvar þessar minni en 300, 000 — þrjú hundruð þúsund — krónur, getur landssjóður jafnframt krafist þess að fjelagið innleysi mismuninn með nafnverði á 10 — tíu — árum næstu þar eftir með jöfnum árlegum greiðslum.

5. gr.

Ef næsta Alþingi krefst, að það ákvæði sje sett inn í fjelagslögin, að enginn hluthafi eða umboðsmaður hluthafa geti farið með fleiri atkvæði á fundi en umboðsmaður landssjóðs, skuldbindur fjelagsstjórnin sig til þess, að gera sitt itrasta til þess að slíkt ákvæði sje sett inn í fjelagslögin. En samþykki fjelagið ekki slíka lagabreyting á fundi, sem haldinn skal svo fljótt sem unt er eftir að næsta Alþingi er slitið, þá er landstjórninni fyrir landssjóðs hönd heimilt að afturkalla kaupin á 300, 000 — þrjú hundruð þúsund — krónum af hlutafjárupphæð þeirri, sem um ræðir í 1. gr., enda falli þá og niður skuldbinding fjelagsins samkvæmt 2. gr. Um það verður fullnaðarákvörðun að vera tekin fyrir 1. febrúar 1915.

Reykjavík, 4. febrúar 1914.

Ráðherra Íslands.

*H. Hafstein.*

\_\_\_\_\_  
Jón Hermannsson

Stjórn h/f Eimskipafjelag Íslands.

Sveinn Björnsson. Halldór Danielsson. Jón Gunnarsson.  
Ólafur Johnson. Garðar Gíslason. Eggert Claessen.